

## 15. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss

11. júlí 2024 – fundarsalur í Ráðhúsi kl. 11:00 -

Mætt: Björgvin Óskar Sigurjónsson, Eyrún Fríða Árnadóttir og Þórgunnur Torfadóttir

Gestur fundarins: Þórey Edda Elísdóttir verkfræðingur frá Verkís

Fundargerð ritaði: Þórgunnur Torfadóttir

### Dagskrá.

1. Samtal við Þóreyju Eddu Elísdóttur um aðkomu hennar sem ráðgjafa fyrir stýrihópin og sveitarfélagið við hönnun og byggingu á nýju íþróttahúsi. Eyrún fór yfir atriði sem hún vildi sjá koma inn í teikningarnar.
2. Ljóst að næsta verkefni er að komast að niðurstöðu um hvar eigi að byggja. Til þess að það sé hægt er mikilvægt að fá eftirfarandi fram.
  - . Meiri útfærsla á flæðinu í tillögu C – hvernig virka rýmin, hvernig er flæðið í gegnum húsið og milli svæði frá t.d. inngangi í Heppuskóla og að úti íþróttasvæðinu, Hafnarskóla, Sindrabæ o.fl. Hvernig væri hægt að gera fimleikaaðstöðuna löglega.
  - . Betri útfærslu á tillögu A. Gera ráð fyrir fimleikum þar inn líka, hjarta, félagsaðstöðu og öðru sem rætt er um í þarfagreiningu. Skoða líka almenna líkamsrækt inn í því húsi. Kannski nær þessari hugmynd [2229-221209-HOFN-Vellir-TILLAGA-4-1-des-2022-1.pdf \(hornafjordur.is\)](#).
  - . Hugmyndir um kostnað - lausleg áætlun fyrir báðar hugmyndir. Þórey heyrir í Gunnari og kannar hvort hann er með hugmyndir að kostnaðarmati eða hvort Þórey tekur þann bolta. Varðandi tillögu A – spurning að nota frekar tillögu [2229-221209-HOFN-Vellir-TILLAGA-4-1-des-2022-1.pdf \(hornafjordur.is\)](#) í kostnaðarmatið.
  - . Hvaða möguleikar eru á áfangaskiptingu í hvorri tillögu fyrir sig.